

Endurskoðun og bókhald

FIMMTUDAGUR 13. janúar 2022

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: VIRTUS, Stólpi, KPMG, Múlalundur, Uniconta, Breyn.



Þorkell Guðjónsson telur að það verði nánast úrelt eftir nokkur ár að að fyrirtæki hafi launavinnsluna innanhúss hjá sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Æ fleiri farnir að losa sig við launin

Þorkell Guðjónsson hefur síðustu árin veðjað markvisst á framtíðina og lagað fjármálaþjónustu VIRTUS að nýjustu tækni. „Flaggskipið okkar er fagmennska og sjálfvirkni. Við erum ein af stærstu launadeildum landsins með víðtæka þjónustu fyrir hátt í fjögur þúsund launamenn hjá ríflega 150 stórum og smáum fyrirtækjum.“ **2**

Stöðugt fleiri fyrirtæki eru farin að velja þann kost að útvista alfarið launaþættinum með allri sinni umsýslu. Launasvið VIRTUS hefur þar af leiðandi vaxið hratt að undanfögnu og fjöldi nýrra viðskiptavina bættist við í hverjum mánuði.

„Það má ef til vill segja að við höfum á undanförunum árum fjárfest í morgundeginum hvað alla sjálfvirkni og tæknivæðingu varðar,“ segir Þorkell. „Við höfum veðið á framtíðina hvað varðar til dæmis rafræna bókhaldsþjónustu, sjálfvirkni í reikningagerð fyrir fjölmarga rekstraraðila og agaða verkferla í gerð uppgjöra og ársreikninga. Fjármálaþjónustan í heild sinni er nánast orðin eins og háþróað færiband í fiskvinnslu þar sem bandið ýtir hverju stykki með sjálfvirkum hætti á sinn stað til frekari vinnslu. Það skiptir hins vegar miklu máli að setja hvern viðskiptavin á réttan stað færibandsins strax í upphafi. Sú innleiðing er í höndum Rósu Kristínar Stefánsdóttur, sem að okkar viti stigur vart feilsþor enda komin með góða reynslu í því verkefni.

Það er mikil tímasparandi og sérhæfð verkaskipting sem annast ólíka verkþætti fyrir viðskiptavinina og ég er sannfærður um að með því erum við að auka bæði allt öryggi og vinnsluhraða til muna. Þegar allt er reiknað erum við að minnsta kosti í langflestum tilfellum bæði að spara okkur og viðskiptavininum umtalsverða peninga. Það gildir ekki síst um launasviðið sem við erum afskaplega hreykin af.“

Betri laun

VIRTUS auglýsir launaþjónustu sína undir hattinum „betri laun“ sem allir væru örugglega til í að hafa enda þótt hér sé átt við allt sem útreikningum og útborgun launa fylgir. Og það er ekki lítið!

„Markmið VIRTUS er að standa þannig að verki að vinnuveitandinn þurfi einfaldlega ekki að hafa neinar áhyggjur af launinum – öðrum en reyndar að eiga fyrir þeim,“ segir Þorkell. „Við stofnum hvern nýjan launamann í kerfinu okkar miðað við umsamin launakjör og göngum sömuleiðis frá uppgjöri þegar fólk lætur af störfum og á til dæmis inni orlof og ef til vill fleira. Í hverri viku eða mánuði reiknar VIRTUS síðan út launin miðað við samninga og mögulega tímaskýrslur, birtir launaseðla í heimabönkum sé þess óskað, dregur frá skatta, lifeyris-sjóðsgjöld, stéttarfélagsgreiðslur og mögulega fleira, til dæmis meðlög, sendir skilagreinar, launamiða og skýrslur samkvæmt lögum og reglugerðum, uppfærir laun sjálfvirk miðað við breytingar á kjarasamningum og greiðir svo út launin sé þess óskað.“

Oddný Einarsdóttir stýrir launasviði VIRTUS af mikilli alúð. Ávallt er unnið fyrir umsamið fast mánaðargjald sem tekur mið af umfangi og verkþáttum hvers fyrirtækis. Innfalið er auk hefðbundinna verkefna meðal annars margþætt kjaratengd ráðgjöf, samskipti við stéttarfélög og fleira. Oft eru laun bókuð beint inn í fjárhagskerfi viðskiptavinanna og launatengdir liðir allir stemmdir af. Þorkell segir að það sé auðvitað mikill fengur að því fyrir vinnuveitendur að þurfa ekki að hafa áhyggjur af mögulegum forföllum launafulltrúa sinna á versta tíma í kringum mánaðamót eða aðra útborgunardaga.

„Það er líka jákvætt að í flestum tilfellum erum við að spara þeim talsvert mikla peninga,“ heldur hann áfram. „Best er samt að innanhússvitneskjan á hverjum vinnustað er engin um laun einstakra starfsmanna. Þess vegna hafa stöðugt fleiri fyrirtæki af



Rósa Kristín Stefánsdóttir annast innleiðingu allra nýrra viðskiptavina og kemur þeim á réttan stað í ferlunum og Oddný Einarsdóttir stýrir launasviðinu, sem um þessar mundir er nánast í sama línulega vextinum og Omikron.

öllum stærðargráðum og um allan heim verið að útvista þessum þætti starfseminnar. Ísland er þar engin undantekning, enda má segja að flest fyrirtækin hér séu frekar litil og samfélagið smátt. Þeim mun meira atriði er að trúnaður í kringum mismunandi laun á hverjum vinnustað sé sem mestur. Launakjör eiga að mínu viti að vera einkamála.“

Betra bókhald

Í tuttugu ára sögu VIRTUS hefur bókhaldsþjónustan verið hjarta og lunga starfseminnar. Á þeim tíma hefur vinnulagið að sjálf-sögðu þróast, en aldrei hraðar en á allra síðustu árum. VIRTUS tók þá ákvörðun að fara af fullum krafti í þróun rafræns bókhalds og í dag tekur fyrirtækið einfaldlega ekki við bókhaldsgögnum á pappír. Bókhaldsmöppurnar sem fluttar hafa verið á milli staða í stórum plastpokum og pappakössum koma einfaldlega ekki lengur inn fyrir dyr hjá VIRTUS.

Þorkell segir verkferla í rafrænu bókhaldsþjónustunni mjög skýra. „Við stöndum á því fastar en fótunum að við séum með þeim að bjóða upp á mun betra bókhald en ella,“ segir hann. „Í kringum hvern viðskiptavin er sama verka-skiptingin þar sem við vinnum á fjórum megin sviðum; bókhalds-sviði, launasviði, uppgjörssviði og á sviði reikningagerðar. Við

Markmið VIRTUS er að standa þannig að verki að vinnuveitandinn þurfi einfaldlega ekki að hafa neinar áhyggjur af launinum.

Þorkell Guðjónsson

notumst við verkefnastjórnunar-kerfi Monday.com og samþættum þar vinnu hinna mismunandi teyma. Útkoman er til dæmis sú að við erum þegar byrjuð að skila fyrstu ársreikningum til skattýfir-valda og í rauninni getur hvaða viðskiptavinur sem er óskað eftir því að fá ársuppgjörið sitt fyrir síðasta ár með tveggja til þriggja daga fyrirvara.“

Betri reikningagerð

VIRTUS annast rafræna reikningagerð fyrir talsverðan fjölda einstaklinga í rekstri og mjög lítilla fyrirtækja. „Ríki og flest sveitarfélög ásamt mörgum stærri fyrirtækjum gera orðið þá kröfu að reikningar berist þeim með rafrænum hætti,“ segir Þorkell. „Tími handskrifaðra reikninga er



„VIRTUS hefur lært mikið af kröfuhörðum viðskiptavinum sínum en við höfum líka náð að kenna þeim ýmislegt,“ segir Þorkell sem er þakklátur fyrir flottan og metnaðarfullan viðskiptavinahóp.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

einfaldlega liðinn og PDF-reikningagerð með útsendingu í tölvupóstum er líka á undanhaldi. Við aðstoðum viðskiptavinina líka með ráðgjöf um sölu- og birgðakerfi og reynum þarna eins og annars staðar að gera hlutina eins sjálfvirka og mögulegt er. Þegar til lengri tíma er lítið og hlutirnir farnir að ganga sémilega smurðir fyrir sig erum við sem fyrr að auka öryggi og spara tíma.“

Betri fjármál

VIRTUS tekur ef til vill ekki lítið upp í sig þegar fyrirtækið heitir viðskiptavinum sínum „betri fjármálum“ með öguðum og nútímalegum vinnubrögðum. „Já, það

Öryggi, trúnaður og sparnaður eru leiðarljós launasýslunnar sem Oddný Einarsdóttir (t.v.) stýrir. Rósa rýnir með henni í skjáinn hjá Þorkatli.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Verið velkomin í skýið hjá dk

Eitt vinsælasta bókhalds- og sölukerfið

Bókhald í áskrift hefur aldrei verið einfaldara og þægilegra en með dk viðskipta-hugbúnaði. Með dk færðu betri yfirsýn og getur tekið upplýstar ákvarðanir byggðar á rauntímagögnum. Yfir 7.000 fyrirtæki nýta sér þjónustu dk hugbúnaðar í dag. Það gerir dk að einu stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Lítil sem stór fyrirtæki eru með bókhaldið í skýinu hjá dk og nýta sér þannig fjölbreytta þjónustu þess í hugbúnaðar- og hýsingarlausnum. Bókhaldskerfi, birgðakerfi, innkaupakerfi, sölukerfi, sjálfsafgreiðsla, rafrænar lausnir ásamt tengingum við banka og opinbera aðila hérlandis. Hafið samband við okkur og fáid kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir ykkar fyrirtæki.



dk hugbúnaður
Viðskiptalausnir í áskrift

510 5800 | dk@dk.is | dk.is
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri

Mikill tímasparnaður með aukinni sjálfvirkni

Stólpi viðskiptalausnir býður upp á alhliða bók-halds- og upplýsingakerfi, hannað fyrir íslensk fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Að auki er hann með öflugar sérlausnir fyrir iðnfyrirtæki, með svo til sjálfvirku verkþókhaldi, sem sparar gríðarlega tíma og fyrirhöfn.

Stólpi viðskiptalausnir er eitt elsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins, en fyrirtækið verður 38 ára á þessu ári. Fyrirtækið hefur alla tíð lagt áherslu að vera með öflugt íslenskt upplýsinga- og bókhaldskerfi fyrir allar gerðir fyrirtækja. Aukin áhersla hefur þó verið lögð á að vera með öflugt verkþókhald fyrir iðnaðinn í landinu, þannig að auðvelt sé að halda utan um rekstur, afkomu, sölu, birgðir, verkþókhald, tímaskráningar starfsmanna, laun og fleira.

Guðmundur Ingi Hauksson, framkvæmdastjóri Stólpa, segir að upprunalegt markmið fyrirtækisins hafi verið að búa til bókhaldskerfi fyrir iðnaðinn þar sem öflugt verkþókhald væri hluti af kerfinu. „Verkþókhaldið sem hluti öflugs bókhaldskerfis hefur alltaf verið okkar styrkur. En við bjóðum núna upp á lausn sem einfaldar alla handavinnu gríðarlega. Núna er hægt að lesa rafrænt inn allt aðkeypt efni, sjálfkrafa inn á verkið í verkþókhaldinu,“ útskýrir Guðmundur Ingi.

Rafrænt ferli frá upphafi til enda
„Lausnin okkar er að vera með rafrænt ferli frá upphafi til enda. Það

er hægt að stofna verk í kerfinu og gefa því verknúmer. Tökum sem dæmi verki númer 74. Allir starfsmenn sem kaupa efni í þetta verk setja það á þetta verknúmer. Þegar reikningurinn kemur rafrænt til okkar, þá þekkir kerfið okkar verk númer 74 og allt aðkeypt efni ásamt kostnaði og álagningu fer sjálfkrafa inn í verkþókhaldið, línu fyrir línu. Þannig sérðu, sem dæmi, nákvæmlega hversu margir metrar af bláum eða rauðum rafmagnsvír voru notaðir í þetta ákveðna verk,“ útskýrir hann.

„Öll handavinna beinlínis hverfur. En vandamál þeirra sem taka að sér lítil eða stór verkefni hefur oft verið þessi gríðarlega handavinna sem felst í því að halda utan um efniskaup. Að skrá á hvaða verði varan var keypt og á hvaða verði á að endurselja hana. Á endanum hefur oft bara staðið á reikningum til viðskiptavina: Efniskostnaður: 100.000 eða 6.000.000 og viðskiptavinurinn hefur enga yfirsýn yfir hvaða efni var keypt,“ heldur hann áfram.

„Í stuttu máli þá er með rafrænu verkþókhaldi Stólpa rafrænn reikningur frá birgja ekki aðeins lesinn inn í fjárhaginn sem aðkeypt efni, heldur er hver einasta vörulína reiknings lesin inn í verkþókhaldið, línu fyrir línu sem aðkeypt efni. Einingaverð vörunnar fyrir og eftir afslátt kemur sjálfkrafa inn svo endursöluverð viðskiptavinar verður sjálfvirk.“

Guðmundur Ingi útskýrir að þetta einfaldi einnig verkstjóra yfirsýn sem getur séð hver framlegðin er í verkinu í heild og sundurliðað eftir hverri einustu



Pórarinn Ragnar Pálmarsson hjá Raf-Lúx og notandi Stólpa ásamt Guðmundi Inga Haukssyni framkvæmdastjóra Stólpa. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

efnislínu eða vinnuskráningu. „Verkstjórnin þarf því bara að yfirfara rafræna innkaupareikninga og tryggja að þeir séu skráðir á rétt verk,“ segir hann.

Eina kerfið með þessa lausn
„Ég frétti það bara um daginn hjá sjálfstæðum ráðgjafa, sem veitir iðnaðarfyrirtækjum ráðgjöf um hvaða kerfi henta þeim best, að við erum eina bókhaldskerfið sem er með þessa lausn. Hann sagði mér að flest kerfi eru með þessa lausn að hluta en ganga ekki eins langt og við,“ segir Guðmundur Ingi og bætir við að auk verkþókhaldsins sé Stólpi líka með mjög góða lausn í tímaskráningu. „Menn geta skráð tímana sína í appi í símanum þegar þeir mæta á verkstað. Þannig stimpla þeir sig inn í verkið og geta líka skráð

hvað þeir eru að gera. Skráningin fer sjálfkrafa til verkstjórans sem staðfestir tímana. Tímarnir fara líka sjálfkrafa inn í verkið og launakerfið til að reikna hvað iðnaðarmaðurinn á að fá í laun. Þetta einfaldar alla handavinnu til muna og veitir nauðsynlega yfirsýn.“

Stólpi hefur hjálpað mikið
Pórarinn Ragnar Pálmarsson rekur rafvirkjafyrirtækið Raf-Lúx og hefur notað hugbúnaðinn frá Stólpa viðskiptalausnum frá árinu 2007. „Stólpi hefur reynst mér mjög vel. Eftir að rafræna kerfið fór af stað hjá þeim hef ég verið að aðlagast því og Guðmundur Ingi hefur hjálpað mér við það,“ segir Pórarinn. „Kerfið hefur hjálpað mér mikið varðandi utanumhald um allt

Við bjóðum núna upp á lausn sem einfaldar alla handavinnu gríðarlega. Núna er hægt að lesa rafrænt inn allt aðkeypt efni.

Guðmundur Ingi Hauksson

aðkeypt efni í verk sem við erum að vinna í. Við höfum skráð verkin sem við erum að vinna í og þá heldur kerfið utan um öll efniskaup í verkin, kaupverð og endursöluverð fyrir hverja vöru sem við kaupum. Það hjálpar rosalega upp á pappírsvinnuna. Þetta var oft mjög mikil vinna hér áður, því verðið á vörunum er stanslaust að breytast og innkaupareikningarnir margir. Þetta sparar handavinnu mikið fyrir mig. Að þurfa ekki að handpikka allt inn.“

Pórarinn segir að einnig veiti Stólpi viðskiptalausnir góða þjónustu ef þörf er á aðstoð. „Endurskoðandinn minn hjá Endurskoðun og ráðgjöf hefur líka notað Stólpa og verið ánægður með kerfið. Það eina sem ég þarf að gera er að fara yfir verknúmerin áður en allt er sett saman. Mér fannst voða skrítið að venjast því að fá ekki eða senda ekki lengur bréfi í pósti, en ég myndi ekki vilja fara til baka, nú kemur reikningurinn strax rafrænt frá útgefanda til greiðanda.“ ■

Í skýjunum með KPMG Bókað

KPMG Bókað er rafrænt bókhaldskerfi sem hefur slegið í gegn hjá minni fyrirtækjum.

„Fólk hlær stundum að því að einhverjum geti þótt bókhald skemmtilegt en staðreyndin er sú að okkur finnst það og við erum stolt af því,“ segir Birna Mjöll Rannversdóttir, löggiltur endurskoðandi og sviðsstjóri á bókhaldssviði KPMG.

„Starf bókarans er liflegt og fjölbreytt því bókarar vinna náið með starfsfólki ólíkra fyrirtækja og oftast en ekki myndast góð tengsl þar á milli. Þjónustan er afslöppuð og notaleg, viðskiptavinir okkar einblína á það sem þeir gera best í sínum fyrirtækjarekstri og leyfa okkur að sjá um bókhaldið og launaútreikninginn. Það er nefnilega oft sem bókhald mætir afgangi hjá minni fyrirtækjum þar sem eigendurnir eru allt í öllu. Þá verður bókhaldsvinnan oft að kvöð sem þarf að sinna á tímum þegar fólk ætti frekar að verja tímanum í annað, til dæmis að eiga gæðastundir með fjölskyldunni. Því er tilvalið að við sjáum um það sem okkur þykir svo skemmtilegt og að viðskiptavinir okkar sinni sínum rekstri – og allir eru glaðir,“ segir Birna.

KPMG Bókað bylting í bókhaldi
„KPMG Bókað býður rafræna bókhaldsþjónustu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Með því að láta okkur um bókhaldið losna stjórnendur fyrirtækjanna við allt umstangið sem því fylgir. Þannig er hægt að segja að stjórnendur úthýsi áhyggjum sínum og fái aðgang að sínum eigin bókarum, göðu og lifandi yfirliti yfir reksturinn og uppskeri um leið



Birna Mjöll Rannversdóttir er löggiltur endurskoðandi og sviðsstjóri á bókhaldssviði KPMG.

MYND/GEIR ÓLAFSSON

meiri tíma til að sinna starfsemi sinni,“ upplýsir Birna. „Eftir því sem við best vitum vorum við fyrsta bókhaldsstofa landsins til að bjóða bókhaldsþjónustu sem er alfarið rafræn, en það eru sex ár síðan við höfum þessa vegferð. Við fundum fyrir því að markaðurinn kallaði í meira mæli eftir rafrænum lausnum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þeim verkefnum hefur fjölgað jafnt og þétt hjá okkur á undanföllum árum. Fyrirtæki tóku því fegins hendi að geta loks skilað bókhaldsgögnum rafrænt. Flestir skanna bókhaldsgögnin sín enda taka af þeim myndir og senda okkur í gegnum síma eða með tölvupósti. Þetta er bæði einfalt og þægilegt og á sama tíma umhverfisvænt. Sumir

viðskiptavinir okkar kjósa þó að koma með pappírinn og í þeim tilvikum sjáum við um að skanna gögnin,“ útskýrir Birna og heldur áfram: „Í þjónustulínu KPMG Bókað græjum við bókhald og afstemmingar ásamt launaútreikningi. Í framhaldinu er ársreikningur og skattframtal unnið af sérfræðingum hjá KPMG.“ Á bókhaldssviði starfa 60 manns á sextán starfsstöðvum KPMG á landinu en í heild starfa um 270 manns hjá KPMG. „Við erum dugleg að leita til annarra sérfræðinga hjá KPMG sem oft vita betur en við þegar á þarf að halda, hvort heldur sem það er á sviði endurskoðunar, skatta og lögræði, eða ráðgjafar. Þannig

aðstoðum við viðskiptavinir okkar að finna réttu lausnirnar fyrir þeirra rekstur,“ segir Birna.

Tilbúin í breytta heimsmynd
Fjárfesting KPMG í rafrænu bókhaldskerfi kom sér vel þegar heimsfaraldur Covid-19 brast á. „Þegar fyrstu samkomutakmarkanir voru settar á var allt tilbúið og okkur varð ljóst að fjárfesting í rafrænum kerfum gerði gæfumuninn. Það hefði ekki verið neitt grín ef við hefðum ekki átt svör við breyttri heimsmynd en þess í stað varð engin töf á okkar bókhalds- og launaþjónustu. Starfsfólkið gat strax sett upp vinnuáðstöðu heima og var farið að vinna klukkutíma síðar. Það skiptir engu hvar við erum stöð

við okkar vinnu, stöðluð vinnubrögð og tæknivætt umhverfi gerir það að verkum að við eigum auðvelt með að leysa hvert annað af, til dæmis ef upp koma veikindi eða fri. Því getur starfsmaður á Höfn eða Egilsstöðum stökkið samstundis inn í verkefni ef aðstoð vantar í Reykjavík eða öfugt. Staðsetningin er óháð vinnunni þar sem bókhaldsgögnin eru geymd í skýinu,“ greinir Birna frá.

Góð yfirsýn yfir fjárhagsgögn
KPMG er ein stærsta bókhaldsstofa landsins. „Alls sjáum við um bókhald og launaútreikning fyrir á annað þúsund fyrirtæki. Við veitum góða og alhliða þjónustu, erum sveigjanleg, léttum undir með fólki og leysum verkin okkar hratt og vel. Bókhaldsþjónustan er unnin af fagfólki því lykilatriði er að bókhald sé vel unnið og að stjórnendur geti tekið ákvarðanir byggðar á réttum upplýsingum hverju sinni. Viðskiptavinir okkar geta nálgast upplýsingar um rekstur fyrirtækja sinna á einfaldan og aðgengilegan hátt með því að fara sjálfir inn í bókhaldskerfi KPMG Bókað, eða með því að fá sendar skýrslur sem margir nýta sér reglulega,“ upplýsir Birna. „Hugarró er tilfinning sem við viljum að viðskiptavinir okkar upplifi; að þeir séu áhyggjulausir þegar kemur að bókhaldi og launaútreikningi enda er sú vinna í höndum sérfræðinga KPMG,“ segir Birna að lokum. ■

Höfuðstöðvar KPMG eru í Borgartúni 27. Sími 545 6000. Nánari upplýsingar á bokad.is

Múlalundur vinnustofa SÍBS í Mosfellsbæ býður nú nýja gerð Egla-bókhaldsmappa. Nýju möppurnar eru plastlausar og henta því vel til endurvinnslu að loknum notkunartíma.

Egla-möppurnar eru mikilvægur þáttur í starfsemi Múlalundar, vinnustofu SÍBS, sem veitir árlega um 80 manns með skerta starfsorku vinnu. Hefðbundnar Egla-möppur hafa haldið utan um gögn einstaklinga og fyrirtækja á Íslandi í áratugi við góðan orðstír, og eru líklega vinsælustu bókhaldsmöppur á Íslandi.

Umhverfisvænni án plasts
Nýju Egla-möppurnar eru eingöngu úr pappa og pappír, auk járnsins, og er pappírskápan límd utan á endurunnninn pappa. Þær eru því án plasts og henta vel til endurvinnslu í lok notkunar. „Nýju möppurnar eru sérstyrktar, járnin eru þau sömu og áður, og við vonumst til að þær endist jafn vel og hefðbundnar Egla-möppur. Það er þó klárt að þær þola til dæmis bleytu síður en gömlu möppurnar, sem yfirleitt er ekki vandamál. Pappírinn í möppunum er evrópskur, vottaður pappír. Þær eru því enn umhverfisvænni kostur en eldri gerðin,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar.

Mikil ending fyrir umhverfið
Hefðbundin Egla-mappa er samsett úr sterkri plastkápu sem er límd utan á endurunnið pappaspjald og hún síðan járnud. Það þýðir að við lok notkunartíma möppunnar þarf að flokka möppuna sem almennt sorp. Það jákvæða er að Egla-möppur eru mjög sterkar og endingargóðar. „Fjölmörg fyrirtæki og einkaðilar nýta sömu möppurnar aftur og aftur, ár eftir ár. Við teljum að þessi langa ending geri þær mjög umhverfisvænar þegar allt er talið. Plastið sem notað er í möppurnar er evrópskt plast sem tryggir að öll íblöndunarefni eru skráð og þekkt,“ segir Sigurður.

Tvær stærðir og þrír litir
Hefðbundnar Egla-möppur fást í nokkrum stærðum og átta litum, en til að byrja með verður boðið upp á nýju pappamöppurnar í sex útfærslum, svörtum, hvítum og bláum, með 5 cm eða 8 cm breiðum kili. „Svartir, hvítir og bláir litir passa við alla aðra liti á skrifstofunni og hafa lengi verið vinsælustu litirnir á meðal viðskiptavina Egla,“ segir Sigurður. „Á áramótatilboði Múlalundar eru þessar möppur á sérstaklega góðu verði, aðeins 849 kr., sem er sama og tilboðsverðið á öðrum Egla-möppum.“

Límdir eða engir kjölmiðar
Til að losna alveg við plast á nýju möppunum er kjölmiðum ekki lengur rennt ofan í plastvasa á kili, heldur eru þeir límdir á möppuna. Hægt er að fá aukamiða sem límdir eru yfir þá gömlu eða þeim eldri skipt út fyrir nýja.



Fríðrik Ómar Guðbrandsson járnar flestar Egla-möppur á Íslandi og því nóg að gera í kringum áramótin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Gömlu góðu Egla-möppurnar fást í átta fallegum litum og mismunandi stærðum. Múlalundur tekur að sér fjölbreytt verkefni og vörurnar skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Verslun Múlalundar í Mosfellsbæ er opin öllum og úrvalið kemur á óvart.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Röð og regla með Egla

„Vilji fyrirtæki framleiða eigin kjölmiða til að líma á sínar möppur getur Múlalundur séð um það fyrir viðskiptavini. Þá er nú í fyrsta skipti hægt að fá Egla-möppur án kjölmiða og þá annað hvort að láta lettra upplýsingar eða merki á kjölinn, eða hafa hann alveg auðan. Sumum viðskiptavinum finnst það flottara og nútímalegra, og þá bjóðum við að sjálfsögðu upp á þann möguleika,“ segir Sigurður Viktor.

Þess má geta að Múlalundur býður upp á aukakjölmiða á nýju og eldri möppugerðir, til að renna í plastvasana eða líma á nýju möppurnar. Það skapar enn meiri vinnu á Múlalundi.

Áletrun fyrir öryggi gagna
Margt er í boði þegar laga þarf Egla-möppur að sérþörfum viðskiptavina. Staðlaðar möppur eru tveggja gata, en óski viðskiptavinnir eftir því eru í boði bæði þriggja og fjögurra gata Egla-möppur. Múlalundur býður einnig upp á að lettra fyrirtækjamerki og upplýsingar á Egla-möppur, sem skapar enn meiri vinnu á Múlalundi.

„Töluvert margar stofnanir og fyrirtæki nýta sér þetta. Með því auka þær upplýsingaöryggi, því þá er skýrt ef mappa frá þeim er komin þangað sem hún á ekki að vera. Merkingarnar eru fallegar og möppur oft áletraðar útlitsins

vegna. Sumir viðskiptavinir láta gera eigin kjölmiða og setja þannig sinn svip á rýmið sem mappan er í,“ bætir Sigurður við.

Box í sama útliti fyrir allt hitt
Hluti af Egla-línunni eru svokölluð tímaritabox sem hægt er að nota undir skýrslur og gögn sem ekki er hægt að gata og setja í möppur. „Kjölurinn á þeim lítur út eins og Egla-mappa og því verða hillur mjög snyrtilegar þegar einungis sést í kilna og engar lausar skýrslur eru á víð og dreif um hillurnar. Hefðbundnar Egla-möppur má einnig fá minni, fyrir A5-gögn, bæði standandi og liggjandi, og

fleiri stærðir. Þá býður Múlalundur gatapoka sem passa í allar möppurnar svo vel fari um gögnin,“ útskýrir Sigurður en þess má geta að Múlalundur býður einnig upp á geymslukassa og geymsluteina.

Áramótatilboð út janúar
Nú í janúar eru hin árlegu áramótatilboð Múlalundar, þar sem fjölbreyttar skrifstofuvörur eru á góðum tilboðum og sendar beint til viðskiptavina. Því til viðbótar hafa nú umbúðir og sóttvarnavörur bæst í hópinn. Hægt er að skoða tilboðin í fallegum áramótabæklingi á vefsíðu Múlalundar, mulalundur.is. Þá býður Múlalundur upp á ljósritunarpappír, dagatöl, dagbækur og fjölbreytt úrval skrifstofuvara. „Múlalundur selur Navigator hágæðaljósritunarpappír sem er rykfrír, flækist síður og fer mjög vel með prentara og ljósritunarvélar. Margir okkar viðskiptavina velja sérstaklega að kaupa Navigator-pappír af okkur, bæði í litlu magni og allt upp í bretta-vis,“ bætir Sigurður við. „Undanfarin misseri hefur verið unnið að umhverfismálum á Múlalundi. Plastið sem Múlalundur notar í möppur, plastvasa, barmmerki og fleira er evrópskt plast sem er vottað og skráð í evrópska gagnagrunna. Það tryggir að öll íblöndunarefni eru þekkt. Plastið er einnig vottað til notkunar í leikfangaframleiðslu þar sem gert er ráð fyrir að börn stingi því upp í sig. Til að fá slíka vottun í Evrópu þarf hreinleikinn að vera mjög mikill,“ segir Sigurður.

Vefverslunin vinsæl
Á vefsíðunni mulalundur.is, er rekin stór vefverslun með skrifstofuvörur, pappír, sóttthreinsivörur og margt fleira. „Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali og bæði verð og úrval kemur flestum á óvart. Það er einfalt að versla á netinu og við sendum vörurnar strax daginn eftir,“ útskýrir Sigurður, en fari pöntun yfir 20 þúsund krónur er frí heimsending um allt land. Fyrir minni pantanir er lágt sendingargjald, 2.650 krónur.

Virkir á vinnumarkaði
Á Múlalundi er aðstaða til að taka á móti mun fleirum með skerta starfsorku, en forsenda fjölgunar eru aukin viðskipti og verkefni. „Þetta er hörkuduglegt fólk og það þarf að hafa nóg að gera. Vinnudagur og verkefni eru lönguð að getu hvers og eins. Á Múlalundi er sífellt leitað nýrra verkefna. Nýjar og enn umhverfisvænni Egla-möppur styðja við starfsemi Múlalundar og tryggja að í fyrirtækjum sé „röð og regla með Egla“, eins og við segjum á Múlalundi, í góðri sátt við umhverfið,“ segir Sigurður ánægður. ■

Múlalundur, vinnustofa SÍBS, er við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500. Netfang: mulalundur@mulalundur.is. Sjá mulalundur.is



Á Múlalundi fást einnig geymslukassar og pappakassar sem henta vel til að geyma gögn til lengri tíma.



Navigator-hágæðaljósritunarpappír er á áramótatilboði í janúar. Hann er rykfrír, flækist síður og fer mjög vel með prentara og ljósritunarvélar.



Nýju Egla-möppurnar sem eru úr pappa og pappír. Þær eru því plastlausar og enn umhverfisvænni. MYND/ADSEND

Eftirminnileg og skemmtileg ár í Svíþjóð



Ómar Gunnar Ólafsson, löggiltur endurskoðandi, starfaði um tólf ára skeið í Svíþjóð og Noregi. Tíminn var bæði lærdómsríkur og skemmtilegur og var golfið fyrirferðarmikið í frístundum.

Ómar Gunnar Ólafsson, löggiltur endurskoðandi, bjó í Lundi í Svíþjóð í tólf ár ásamt eiginkonu sinni Huldu Rósu Þórarinsdóttur og tveimur börnum þeirra. Fyrsta árið starfaði hann hjá Deloitte í Noregi en eftir það í Malmö í Svíþjóð. „Ástæða þess að við fluttum til Svíþjóðar var sú að Hulda Rósa fór í sérfræðináms í svæfingar- og gjörgæslulækningum í Lundi. Ég hafði starfað sem löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte á Íslandi árin áður og var kominn með ágætis reynslu. Leiðin inn á sænskan atvinnumarkað sem endurskoðandi var þó ekki auðveld. Þetta var árið 2010, stuttu eftir hrún, og engin sérstök trú á endurskoðendum frá Íslandi. Einnig má segja að nafnið mitt hafi farið frekar fyrir brjóstið á Svíanum. Ég held að ég hafi eytt langmestum tíma í atvinnuviðtölum við að útskýra að ég væri Íslendingur. Alveg ótrúlegt en svona var það.“

För óhefðbundna leið

Þegar lítið gekk að komast að í Svíþjóð, ákvað Ómar að fara óhefðbundnar leiðir. Hann sótti um starf hjá Deloitte í Stavanger í Noregi og fékk starf nánast strax. „Ég bjó þó enn í Lundi, en flaug á milli Kaupmannahafnar og Stavanger í hverri viku. Mér taldist til að þetta hefðu verið um 80 flug það árið, en hafa ber í huga að ég er mjög flughræddur. Það sem bjargaði þessu var að vinnan í Noregi var virkilega skemmtileg og lærdómsrík.“

Ómari bauðst að vera lengur í Noregi og var vinnuveitandi hans meira að segja búinn að finna vinnu fyrir Huldu Rósu. „Þar sem hún var langt komin með sérfræðinámið sitt í Svíþjóð, afþökkuðum við það. Ég hóf þá atvinnuleit að nýju í Svíþjóð. Þrátt fyrir að þurfa að svara áfram fyrir nafnið mitt, þá fékk ég vinnu nánast strax og tel ég að reynslan og meðmælin frá Noregi hafi skipt þar sköpum.“

Ýmislegt ólíkt

Ómar segir vinnustaðamenn-inguna í grunninn vera svipaða milli landanna enda að mörgu leyti líkar þjóðir. „Þó verð ég að nefna að skipulag og agi aðgreinir okkur Íslendinga helst frá Svíum. Það þýðir til dæmis lítið að segja



Ómar Gunnar Ólafsson, löggiltur endurskoðandi, starfaði um tólf ára skeið í Svíþjóð og Noregi. Í dag starfar hann hjá Enor í Reykjavík. **MYND/ADSEND**

Svíanum að þetta reddist, og svo er nánast ekki tekinn kaffitími nema það sé búið að skipuleggja hann í tíma.“

Viðhorf til endurskoðunar á Íslandi og í Svíþjóð er einnig mjög ólíkt að sögn Ómars, sem hefur síðan áhrif á starfið sem slíkt. „Í Svíþjóð hefur alltaf verið rík endurskoðunarskylda, en sömu sögu er ekki að segja um Ísland. Það sést best á því að almennt er sú krafa gerð að öll félög skuli vera endurskoðunarskyld, en Evrópusambandið hefur þó gefið undanþágu fyrir minni félög, sem hvert og eitt ríki ber ábyrgð á að innleiða. Þar hafa löndin tvö valið gjörólíkar leiðir sem er mjög áhugavert.“

Fjölbreytt verkefni

Verkefnin í Svíþjóð og þetta eina ár í Noregi voru fjölbreytt og skemmtileg, að sögn Ómars. „Í Stavanger var áherslan á endurskoðun stærri og meðalstórra fjármálastofnana, ásamt öðrum stærri endurskoðunarverkefnum. Ég hafði þá hugmynd áður en ég fór til Stavanger að þetta væri lítið sjávarpláss. En raunin er sú að þar eru stunduð mikil viðskipti og þar

má finna mjög mikið af stórum og flottum félögum, enda er borgin kölluð Dúbaí norðursins.“

Í Svíþjóð starfaði Ómar einkum við endurskoðun á stórum og meðalstórum félögum, sem í flestum tilvikum voru skráð félög. „Þetta voru framleiðslufyrirtæki af einhverjum toga og fyrirtæki í tæknigeiranum. Mikil gróska hefur verið í þessum geirum á undanfórnum árum og gaman að sjá og kynnast fólkinu sem starfar þar.“

Slegist um starfsfólkið

Hlutverk Ómars í Svíþjóð var að stýra endurskoðunarvinnunni, sem snéri þá helst að áhættumatinu á félögunum og stýra þeim aðgerðum sem ákveðið var að framkvæma í framhaldinu, ásamt því að manna teymin sem komu að verkefnunum. „Í mörgum tilvikum voru kannski mannaforráðin hvað erfiðust, þar sem mannaflinn var oft af skornum skammti. Minnisstæðir eru fundir sem við stjórnendur verkefna höldum í desember ár hvert, þar sem var nánast slegist um starfsfólk og tíma til að manna verkefnin.“

Starf Ómars fól í sér mikil ferðalög um Svíþjóð, þar sem fyrirtækin



Endurskoðendur lenda stundum í vandræðum með endur á golfvöllinum. Hér tekur Ómar stöðuna í einum af mörgum golfhringjum sínum í Svíþjóð.



Ómar Gunnar Ólafsson og eiginkona hans, Hulda Rósa Þórarinsdóttir, ásamt tveimur börnum þeirra.

sem hann sá um að endurskoða voru dreifið um landið. „Þá kom líka til að mér var falið að skipuleggja og sjá um endurmenntun endurskoðenda innan Deloitte í Svíþjóð síðustu árin. Þetta varð til þess að maður þurfti virkilega að halda sér „up to date“ og fylgjast með nýjungum í faginu.“

Golfið var fyrirferðarmikið

Utan vinnunnar var golfið helst áhugamál Ómars þau ár sem fjölskyldan bjó þar. „Á þessum tólf árum náði ég að spila nokkuð mikið golf, enda tel ég Skán í Suður-Svíþjóð algjöra paradís fyrir golfara. Ég mæli hiklaust með að Íslendingar prófi að spila golf þar, enda má finna þar geggjaða golfvelli auk þess sem veðrið er stórkostlegt fyrir golfarann langstærstan hluta ársins. Einnig er þetta auðvelt ferðalag, þar sem tíðar ferðir eru frá Íslandi til Kaupmannahafnar og nokkuð ódýrt að spila golf í Svíþjóð.“

Að öðru leyti var lífið í Lundi rólegur og góður tími fyrir fjölskylduna, segir Ómar, því fjölskyldan var íðulega sjálfri sér næg. „Lundur er háskólabær og bæði rólegur og fallegur staður sem hefur upp á flest allt að bjóða í þessu daglega lífi. Svo var alltaf frekar stutt að fara yfir til Kaupmannahafnar eða Malmö ef maður vildi fara í aðeins fjörugra stórborgarlífið.“ ■

Á þessum tólf árum náði ég að spila nokkuð mikið golf, enda tel ég Skán í Suður-Svíþjóð algjöra paradís fyrir golfara.



KPMG bókað er bókhaldsþjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Bókaðu fund á **www.bokad.is**


Vertu í skýjunum með bókhaldið



Ekkert pappírsvesen



Allt í skýjunum



Þú færð yfirsýn



Ingvaldur Thor Einarsson (t.v.) er framkvæmdastjóri og stofnandi Uniconta. Með honum á myndinni er Þorsteinn Pétur M. Lemke forritari.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

Uniconta er besta alþjóðlega viðskiptalausnin

Markmið Uniconta er að vera fyrsta val lítilla og meðalstórra fyrirtækja þegar kemur að viðskiptalausnum. Undir lok síðasta árs var Uniconta valin besta alþjóðlega viðskiptalausnin á stórrí ráðstefnu í Frankfurt.

Uniconta er öflug viðskiptalausn í skýinu og inniheldur fjölda kerfiseininga, sem auðvelda fyrirtækjum að skrá og vinna með, upplýsingar um reksturinn. Grunnurinn er fjárhagskerfi í fremstu röð þar sem reikningar berast rafrænt frá birgjum og eru sendir áfram til samþykktar eða bókunar. Hreyfingar eru svo lesnar rafrænt inn í bankaafstemmingu og hægt að setja upp sjálfvirkir lyklu sem spara gríðarlegan tíma, segir Ingvaldur Thor Einarsson, framkvæmdastjóri og stofnandi fyrirtækisins. „Uniconta inniheldur einnig öflugt birgða- og framleiðslukerfi, verkbókhaldskerfi með tímaskráningum, innheimtukerfi og eignakerfi, og mætir þannig þörfum flestra íslenskra fyrirtækja.“

Hann segir kjarnamarkhópin vera lítill og meðalstór fyrirtæki, sem eru skilgreind sem félög með 3-250 starfsmenn. „Félög í þessum flokki hafa ríka þörf fyrir að greina

rekstrarupplýsingar í rauntíma, sem stuðla að bættri ákvarðanatöku og aukinni arðsemi. Uniconta hefur einnig verið fyrsti valkostur sprotafyrirtækja sem þurfa kerfi sem getur vaxið með þeim og til dæmis stutt við skráningu á tekjum og eignum í erlendum gjaldmiðlum.“

Ráðstefna á vegum CER

Þann 27. október á síðasta ári var Uniconta valin besta alþjóðlega viðskiptalausnin á stórrí ráðstefnu í Frankfurt, að sögn Ingvalds. „Þar er fjallað um bókhaldskerfi og viðskiptalausnir sem skara fram úr og þykja bestar á sínu sviði. Það var hörð samkeppni um verðlaunin, þar sem 35 lausnir kepptu um verðlaun í átta mismunandi flokkum. Það er Center of Business Research (CER) sem stendur að baki þessum virtu verðlaunum. Við erum auðvitað mjög stolt yfir þessum verðlaunum, enda bara fáein ár síðan Uniconta kom á markað í Þýskalandi.“

Mikill vöxtur

Uniconta Ísland ehf. var stofnað fyrir rúmum fimm árum og byggir á leyfissamningi við Uniconta A/S um þróun og dreifingu Uniconta hugbúnaðar á íslenskum markaði. „Á þessum fimm árum höfum við

Við erum auðvitað mjög stolt yfir þessum verðlaunum, enda bara fáein ár síðan Uniconta kom á markað í Þýskalandi.

Ingvaldur Thor Einarsson

fjárfest á annað hundrað milljónir króna í að útfæra sérstakar lausnir fyrir íslensk fyrirtæki, á sama tíma og við njótum góðs af því að þróun á grunnvirkni kerfisins er hönnuð og rekin fyrir alþjóðamarkað. Með þessu móti getum við tryggt íslenskum fyrirtækjum lausn á heimsmaðlíkvarða gegn hóflegu mánaðargjaldi.“

Hann segir vöxt fyrirtækisins hafa verið um 80% á ári undanfarið tvö ár, sem undirstriki frábærar viðtökur sem starfsfólk er þakklátt fyrir. „Þessi vöxtur gerir okkur kleift að leggja meiri kraft í þróun á lausnum sem auka skilvirkni hjá okkar viðskiptavinum og við horfum spennt til framtíðar.“

Stöðug framþróun

Ingvaldur segir fyrirtækið vera í

stöðugri framþróun með lausnir sínar og sé sífellt að bæta við lausnaframboð sitt. „Þar sem að Uniconta er hreindrættuð skýjalausn tryggjum við að allir viðskiptavinir okkar hafi alltaf aðgang að nýjustu lausnum og uppfærslum og ekki þarf að ráðast í kostnaðarsamar kerfisuppfærslur.“

Nýjasta lausnin er tollafgreiðslukerfi fyrir innflytjendur, en 1. febrúar verður ekki hægt að senda inn eldri gerðir af tollskýrslum. „Margir innflytjendur eru að nota eldri viðskiptalausnir og sjá fram á að þurfa að leggja í mikinn kostnað við að uppfæra tollakerfin þar. Þá borgar það sig margfalt að skipta yfir í Uniconta og tollakerfið okkar.“

Metnaðarfull markmið

Ingvaldur segir að markmið Uniconta sé að vera fyrsta val lítilla og meðalstórra fyrirtækja þegar kemur að viðskiptalausnum. „Flest íslensk fyrirtæki þurfa að uppfæra kerfi sín á næstu árum og við höfum trú á því að þetta markmið gangi eftir og Uniconta verði útbreiddasta viðskiptalausnin á Íslandi innan næstu tíu ára. Við erum að byggja upp þétt net samstarfsaðila sem eru annars vegar UT fyrirtæki, sem sérhæfa sig í

ráðgjöf, innleiðingu og þjónustu á viðskiptalausnum og hins vegar bókhalds- og endurskoðunarfyrirtæki, sem aðstoða sameiginlega viðskiptavinum okkar við högun bókhalds og uppgjörs. Viðskiptavinurinn getur þannig fundið samstarfsaðila sem skilur þarfirnar og er til taks þegar á þarf að halda. Hér hjá Uniconta erum við nótt sem nýtan dag að þróa og útfæra lausnir sem byggja á nýjustu tækni og mæta þörfum okkar notenda með skilvirkari og betri hætti en áður hefur þekkst og erum leiðandi þegar kemur að notkun nýjustu tækni við að einfalda utanumhald og rekstur fyrirtækja.“ ■

Nánari upplýsingar á uniconta.is.

ERP System of the year

2021

Winner in the Category
European ERP Systems



Skýjaþjónustur eru ódýr og þægileg tól sem bjóða upp á mikla möguleika fyrir endurskoðunarfyrirtæki og geta bæði bætt þjónustu þeirra og styrkt innviðina.

Endurskoðun og bókhald hefur breyst gífurlega vegna tilkomu stafrænnar tækni og það sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Fyrirtæki á þessu sviði hafa þurft að aðlagast þessum nýja veruleika, ef þau vilja ekki eiga á hættu að verða úrelt og missa samkeppnishæfnina.

Fyrir ekki svo mörgum árum var því spáð að tækni framfarir myndu valda hruni í endurskoðunargeiranum, en þær hafa þess í stað veitt honum stuðning og einfaldað margt. Skýjaþjónusta hefur verið sérstaklega gagnleg og aukin sjálfvirkni hefur aukið skilvirkni almennt, sem hefur gert endurskoðendum kleift að bjóða enn betri þjónustu en áður.

Heimsfaraldurinn rak geirann svo næstum alfarið á netið og margir fóru að nýta stafræna skýjaþjónustu til að geta unnið hvar sem er og hvenær sem er, enda er slík þjónusta skilvirk, ódýr og auðveld í notkun og gerir endurskoðendum kleift að byggja ákvarðanir sínar á rauntímagögnum.

Miklir möguleikar í boði

Vegna þessara hröðu breytinga þurfa verkferlar endurskoðenda að aðlagast hratt, en það þarf ekki endilega að ráðast í róttækar breytingar til að nýta þessa nýju tækni. Það er hægt að ná árangri smátt og smátt, til dæmis með því



Skýjaþjónustur bjóða upp á mikla möguleika fyrir endurskoðunarfyrirtæki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bókhald blómstrar í skýinu

að hvetja viðskiptavinum til að nota ýmiss konar bókhaldshugbúnað. Endurskoðendur geta veitt viðskiptavinum sínum upplýstari ráðgjöf og betri innsýn með því að nota upplýsingarnar sem þeir fá frá stafrænum tólum og fyrirtæki þurfa að þróa verkferla sína til að laða að ungt og upprennandi starfsfólk.

Til að nýta nýja tækni á sem árangursríkastan hátt þurfa fyrir-

tæki að nota verkfæri sem bjóða upp á sveigjanleika og nákvæm rauntímagögn um fyrirtækið sjálft og viðskiptavinum þess. Með öðrum orðum þurfa þau að nýta skýjalausnir til að halda áfram að skipta máli.

Bætur þjónustu og vinnumhverfi
Skýjaþjónusta eykur samskiptin milli allra hlutaðeigandi aðila og eykur möguleika á samstarfi. Með

aðgengi að betri gögnum er líka hægt að veita fyrirtækjum ráðgjöf varðandi framtíðina og bera saman frammistöðu fyrirtækja, sem gerir endurskoðendum kleift að segja viðskiptavinum sínum hvar þeir skara fram úr og hvar þeir geta bætt sig og það gerir ráðgjöf þeirra enn verðmætari. Þannig getur skýjaþjónusta hjálpað endurskoðendum að veita betri þjónustu.

Skýjaþjónusta hefur verið sérstaklega gagnleg og aukin sjálfvirkni hefur aukið skilvirkni almennt, sem hefur gert endurskoðendum kleift að bjóða enn betri þjónustu en áður.

Skýjaþjónusta getur líka verið mjög gagnleg fyrir innri starfsemi endurskoðunarfyrirtækja. Starfsfólk gerir nú aðrar kröfur til vinnu-aðstöðu og vinnuskipulags en fyrir faraldurinn og sveigjanleikinn sem skýjaþjónusta býður upp á þýðir að starfsfólk getur unnið hvar og hvenær sem er, svo lengi sem það hefur internet tengingu. Þetta getur til dæmis verið afskaplega gagnlegt fyrir einstæða foreldra.

Því betra starfsfólk, því betri þjónusta, og með því að bjóða starfsfólki upp á aukinn sveigjanleika geta fyrirtæki höfðað betur til ungs og upprennandi fólks, sem leggur almennt meiri áherslu á gott jafnvægi einkalífs og atvinnu. Með því að laða að sér besta starfsfólk sem völ er á, verður fyrirtækið öflugra og veitir betri þjónustu, sem skilar aukinni samkeppnishæfni og á endanum betri tekjum.

Skýjaþjónustur einfalda því óskilvirka ferla og veita fyrirtækjum tækifæri til að laga menningu sína að þörfum allra. ■



Björk Reynisdóttir rekur bókhaldsþjónustuna BREYN.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rafræn bylting yfir í pappírslaust bókhald er hafin af fullum þunga

BREYN ehf. er bókhaldsfyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök. Fyrirtækið veitir persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf.

BREYN ehf. er í eigu Bjarkar Reynisdóttur viðskiptafræðings. Björk hefur unnið við bókhald og stýrt bókhaldsdeildum um áratuga skeið auk þess að hafa starfað sem fjármálastjóri. „Ég opnaði BREYN í janúar 2019 og stofan hefur vaxið jafnt og þétt. Núna er ég með þrjá starfsmenn í vinnu, allt reynslumiklar konur,“ segir Björk. „Það var lengi búið að blunda í mér að stofna eigið fyrirtæki með bókhaldsþjónustu enda hef ég haft gífurlega mikinn áhuga á þessu fagi þótt sumum finnist það skrítið,“ segir hún. „Tækifærið kom upp í hendurnar á mér í upphafi árs 2019 og ég lét slag standa.“

Björk segir að það sé mikið að gera í faginu og hún finnur fyrir

ákveðinni viðhorfsbreytingu þegar fólk stofnar fyrirtæki til að leita sér faglegrar aðstoðar með bókhaldið. „Fólk vill hafa þessi mál í lagi. Það er kominn miklu meiri metnaður í rekstur fyrirtækja,“ upplýsir Björk.

Þótt ekki sé búið að innleiða pappírslaus viðskipti í lög hefur orðið mikil breyting þar á og fleiri og fleiri kjósa að vinna bókhaldið rafrænt. „Við höfum verið að færa bókhald yfir á rafrænt form fyrir mörg félög. Pappírslaus viðskipti eru framtíðin og okkur gengur vel í þá átt. Við erum framsækid fyrirtæki og ég hef lagt áherslu á að fylgjast mjög vel með öllum þeim nýjungum sem eiga sér stað í þessu fagi.

Ég er aðili að FKA og Félagi bókhaldsstofa en frá þeim koma margar nytsamlegar upplýsingar sem gott er að fylgjast með. Einnig fáum við upplýsingar frá ríkisskattstjóra sem tengjast norrænum skattstofum um innleiðingu á

pappírslausu bókhaldi og ég hef sótt fundi hjá Nordisk Government,“ segir Björk.

BREYN veitir persónulega þjónustu fyrir hvern og einn og kunna viðskiptavinir mjög vel að meta það. „Við þekkjum viðskiptavinum okkar vel, þarfir þeirra og væntingar. Covid hefur reyndar ýtt undir rafræn samskipti sem mörgum þykja þægileg. Heimsfaraldurinn hefur líka flýtt fyrir rafrænum breytingum í fyrirtækjum og fleiri sem nýta sér tæknina sem er jákvætt.“

Björk hjá BREYN tekur á móti fyrirspurnum á netfangið bjork@breyn.is.

Endilega hafðu samband við Björk ef þú vilt kynna þér nýjar lausnir í bókhaldi fyrir þitt fyrirtæki. ■

Nánari upplýsingar hjá BREYN ehf. Suðurlandsbraut 22, sími 790 8001 eða á netfanginu bjork@breyn.is.

FVB fagnar 20 árum

Félag viðurkenndra bókara var stofnað 26. janúar 2002 og fagnar því 20 ára afmæli um þessar mundir.

„Stofnfélagar voru 33 en hefur fjölgað jafnt og þétt með útskrift viðurkenndra bókara í gegnum árin og eru félagar nú á sjötta hundrað,“ segir Agnes Vala Bryndal, formaður félagsins.

„Félagið er fagfélag og hafa félagsmenn hlotið viðurkenningu efnahags- og viðskiptaráðherra, og nú síðast atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem viðurkenndir bókara samkvæmt 43. gr. laga nr. 145/1994. Í viðurkenningu ráðherra felst að viðkomandi aðili hafi stundað réttindanáms og staðist próf í reikningshaldi, upplýsingamiðlun ásamt lögum og reglugerðum um skattskil.

Félagið hefur verið í fremstu röð hvað varðar endurmenntun félaga sinna og á ári hverju eru haldin ótal námskeið, örnámskeið og einnig ráðstefna sem bæði innan- og utanfélagsmenn geta sótt til að viðhalda og bæta við þekkingu sína þegar kemur að umsjón bókhalds. Fræðslunefnd félagsins hefur haft veg og vanda af endurmenntuninni og er leitun að öðru eins námsúrvali og raun ber vitni.

Á 20 ára afmælinu stendur FVB



Agnes Vala Bryndal er formaður FBV.

á tímamótum því með breytingu á lögum nr. 145/1994 í apríl 2021 var ákveðið að fella niður viðurkenningu bókara frá og með 1. apríl 2024. Fram að því munu þó þeir sem standast próf að uppfylltum áðurnefndum skilyrðum hljóta þessa viðurkenningu. Félagið er því að skoða með hvaða hætti það aðlagar sig þessum nýju skilyrðum og eru ýmis spennandi teikn á lofti. Í framböllum eru breytingar óumflýjanlegar og félagsmenn FVB er fólk framfara,“ segir Agnes Vala. ■

Er bókarinn þinn viðurkenndur bókari og í félaginu?

Okkar félagsmenn sækja endurmenntunarnámskeið til að viðhalda hæfni og bæta fagmennsku. **Það getur þú bókað!**

Félag viðurkenndra bókara